

## Öryggisatriði fyrir heitan pott

- Gætið þess að ekki renni heitara en 45° heitt vatn í pottinn.
- Börn mega aldrei vera eftirlitslaus í heitum potti né hafa aðgang að opnum potti.
- Potta skal þrifa eftir notkun.
- Þunguðum konum er ráðlagt að dvelja ekki lengi í heitum potti né í vatni heitara en 38°.
- Komið í veg fyrir að vatn frjósi í fullum potti.
- Varið ykkur á hálkumyndun í kringum potta að vetri.
- Áfengis- og lyfjanotkun samfara pottaferðum getur haft alvarlegar afleiðingar.
- Bendið öllum á að kynna sér öryggisatriðin fyrir notkun.
- Geymið þessar upplýsingar á sýnilegum stað.

Kíktu á okkur á netinu  
**www.trefjar.is**

## Trefjar

### Kæri pottaeigandi,

Um leið og við óskum þér til hamingju með pottinn frá Trefjum langar okkur að biðja þig að lesa vandlega meðfylgjandi leiðbeiningar varðandi notkun, umgengni og viðhald pottsins.

Hafðu endilega samband við starfsfólk ef einhverjar spurningar vakna.

Við viljum minna á að í verslun okkar að Óseyrarbraut 29 og á heimasíðunni má finna mikið úrval af aukahlutum. <http://www.trefjar.is>

### Trefjar

Óseyrarbraut 29  
220 Hafnarfjörður  
Sími 550 0100  
**www.trefjar.is**

# Uppsetning á heitum potti

## Leiðbeiningar

### Frágangur á potti

Athugið vel í flutningi að reka pottinn hvergi utan í né að fá ofan í pottinn aðskotahluti meðan á uppsetningu stendur. Gott ráð er að hylja pottinn með byggingarplasti meðan á uppsetningu stendur.

Flest tjón á pottum verða við uppsetningu og í flutningi.

Pottinum fylgir botnstykki (sjá ① á skýringarmynd) sem er ætlað bæði til áfyllingar og tæmingar. Botnstykkið er ekki fest við pottinn vegna hættu á skemmdum í flutningi. Þegar potturinn hefur verið mátaður á þann stað sem honum er ætlað og stefna botnstykkis ákveðin þá er því komið fyrir í pottinum (gúmmíhringur að innan og silicone að utan).

Þegar byggt er undir pottinn þarf að gæta þess að frostlyfting hafi engin áhrif, hvorki á undirstöður pottsins né ramma eða aðra klæðningu sem tengist pottinum.

Reiknað er með að þungi pottsins hvíli nær eingöngu undir sætum pottsins og þunganum dreift sem mest (sjá ② á skýringarmynd). Hafa ber í huga að heildarþungi pottanna er eitt til tvö tonn eftir tegundum.

Brúnir pottsins mega ekki bera þunga hans þegar gengið er frá klæðningunni (sjá ③ á skýringarmynd). Til að tryggja þetta er ágætt að ljúka frágangi á undirbyggingu potts, fylla hann síðan af vatni þannig að öruggt sé að potturinn sé sestur og smíða loks í kringum hann fullan af vatni.

Á þessu stigi er mikilvægt að kanna hvort allar lagnir og samsetningar haldi vatni.

Þegar klæðningin er tilbúin er gott að draga taum af silicone kringum pottbrúnina. Þetta er nægjanleg festing milli klæðningar og potts.

Hlíðarplast er innan í pottinum og skal það fjarlæggt fyrir notkun. Varast skal að láta sólina skína á hlífðarplastið.

Athugið að hámarkshiti vatns í pottinn er 45°C (þolir 55°C). Athugið einnig að hætta er á sprungum ef vatn frýs í fullum potti.

### Kúluloki

Mikilvægt er að hafa í huga að kúluloki sjá sé vel festur þannig að ekki sé hættu á að hann hreyfist og snúi upp á frárennslislagnir. Mikilvægt er að vatnshalli sé nægjanlegur að og frá kúluloka og staðsetning þannig að gott aðgengi sé að honum.

### Ljós í pott

Ljósi hefur verið komið fyrir í tröppu pottsins. Frágengið rofabox er utan á pottinum með 12/220 V spennu.

### Nudd í pott

Nuddkerfi er tengt og frágengið í pottinum fyrir utan dælu sem fylgir í kassa ásamt þéttingum fyrir dæluna. Ef potturinn er einnig með ljósi þá er tilbúin tenging fyrir dæluna í tengiboxi undir þrepi pottsins.

Ef potturinn er án ljóss skal tengja dæluna beint í 220 V rafmagn.

Tengi fyrir dæluna eru tilbúin á nuddkerfinu.

Hafa þarf í huga þegar byggt er undir dæluna að dælan standi hærra en botn pottsins þannig að hún tæmi sig þegar potturinn er tæmdur.

Einnig er mikilvægt að ekki myndist vatnslásar í lögninni, þ.e. að lögnin frá potti að dælu liggji bein. Það sama á við um frárennslislögn pottsins.

### Vatnshitastýring m. yfirhitavari

Vatnshitastýringu skal koma fyrir sem næst vatnsinntaki til að hámarka vatnsrennslisloftun að stýringunni.

Festa skal stýringuna á vegg og tengja hana heitu og köldu vatni. Svo á að tengja lögnina í pottinn.

Að lokum skal setja stýringuna í samband við rafmagn.

### Íhlutalisti með potti


- Leiðbeiningar
- Botnstykki m. stút f. innrennslis

### Íhlutalisti ef nudd

- Dæla 1200 w
- Þéttingar 2 stk

# Uppsetning á heitum potti

# Skýringarmynd



## Fyrir uppsetningu á heitum potti mælum við með að eiga eftirfarandi:

- 1 stk kúluloki
- 1 stk framlenginarskaft fyrir kúluloka.
- 5 m 50 mm PVC barki
- 2 stk 50 mm 90° hné PVC
- 2 stk 50mm T Pvc
- 1 stk lím
- 1 stk pensill fyrir lím
- 1 stk Sílikon túpa